

Lyfjaskírteini - vinnuregla

Metýlfenídat

ATC flokkur: N06BA04 - metýlfenídat

Dags. útgáfu: 1. mars 2025

Greiðsluþáttaka er samþykkt að neðangreindum skilyrðum uppfylltum:

- Truflun á virkni og athygli - ADHD (Attention Deficit Hyperactivity Disorder) **ICD-10 F90.0** eða eingöngu athyglisbrestur án ofvirkni.

eða

- Dúraveiki og dáslekja (narcolepsy and cataplexy) **ICD-10 G47.4**. Umsókn um greiðsluþáttöku fyrir einstaklinga með narcolepsy skal gerð af sérfræðingi í taugalækningum.

Greiningin á ADHD skal framkvæmd samkvæmt klínískum leiðbeiningum Embættis landlæknis (<https://island.is/klíniskar-leiðbeiningar>) af sérfræðingi sem hefur sérhæft sig í greiningu á ADHD. Lyfjameðferð ætti ávallt að vera hluti af heildstæðri meðferð.

Fyrsta umsókn fyrir einstaklinga með ADHD skal gerð af geðlækni, barna- og unglingsgeðlækni eða barnalækni með sérþekkingu á þroskaröskun barna og unglinga. Í umsókn skal koma fram hvaða athugunum og rannsóknum greiningin byggist á, þ.m.t. sjúkrasaga einstaklings, hömlunarmat, greiningartæki, hvernig eftirfylgd er háttað og fyrirhugaður dagsskammtur.

Ef meira en 5 ár eru liðin frá því meðferð með örvandi ADHD lyfi var hætt þarf geðlæknir að sækja um endurnýjun lyfjaskírteini.

Þegar sótt er um lyfjaskírteini er lyfjanotkun viðkomandi skoðuð með tilliti til notkunar á m.a. metýlfenídati, svefn-, kvíðastillandi- og sterkum verkjalyfjum. Þegar lyfjanotkun er umfram ráðlagða dagsskammta, notkun á metýlfenídat er yfir 108 mg á dag eða verið er að nota mörg svefn-, kvíðastillandi og verkjalyf, þarf rök fyrir þeirri notkun. Rökstyðja þarf ef hefja á meðferð með metýlfenídat fyrir einstakling sem hefur sögu um neyslu fíkniefna eða misnotkun lyfja/áfengis. Í ofangreindum tilfellum geta Sjúkratryggingar óskað eftir mati geðlæknis með sérþekkingu á ADHD.

Ógilding lyfjaskírteina

Sjúkratryggingar hafa eftirlit með notkun örvandi ADHD lyfja. Ef úttektir í lyfjagangagrunni eru ekki í samræmi við notkunarfræmli læknis þá er lyfjaskírteini viðkomandi fellt úr gildi. Sama gildir ef áreiðanlegar ábendingar berast um ólöglega sölu eða misnotkun lyfs. Telji læknir að einstaklingur selji eða misnoti lyf, getur hann óskað eftir að lyfjaskírteini verði fellt úr gildi.

Gildistími

Börn: Samþykkt til 5 ára.

Fullorðnir: Samþykkt til 4 ára.

Ath. Í stöku tilfellum getur gildistími verið styttri.